


# Bandormurinn

Umsögn FV um 2. mál á 158. löggjafarþingi · Fundur með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

# Fjögur atriði sem við viljum ræða

**Umsögn FV um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2027.**

**Rauði þráðurinn:** breytingar á sköttum og gjöldum leggjast misþungt á svæði – en byggðaáhrifin eru sjaldnast metin áður en ákvörðun er tekin.

Nýjar ályktanir **71. Fjórðungsþings Vestfirðinga** á Patreksfirði 27.–28. október 2026 árétta þessa afstöðu umsagnar.

1. **Kílómetragjald**

   Metum áhrif á svæðin lengst frá höfuðborginni

2. **Innviðagjald á skemmtiferðaskip**

   Er eðlilegt að setja verðlagsþróun á Íslandi inn í innviðagjald?

3. **Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna húsbygginga**

   Mætti nýta endurgreiðslur til að hvetja til uppbyggingar á köldum markaðssvæðum?

4. **Auðlindagjöld og heildaráhrif**

   Tekjur af svæðinu skili sér í innviði þess og jafnræði sé í gjaldtöku milli landshluta

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Vestfjarðastofa

# Málið í tölum

Frumvarpið felur í sér hækkanir og skerðingar sem snerta grunnatvinnugreinar og búsetuskilyrði á Vestfjörðum.

**KÍLÓMETRAGJALD**

**+5,2% og 4 ma.kr.**

verðlagshækkun + tekjuauki

**TEKJUR AF INNVIÐAGJALDI**

**1.185 → 412 m.kr.**

fjárlög 2026 → 2027 (−65%)

**ENDURGREIÐSLA VSK**

**35% → 20%**

40. gr. frumvarpsins

**MARKMIÐ ÁRIÐ 2050**

**11.000 íbúar**

Svæðisskipulag Vestfjarða

**SKILABOÐ 71. FJÓRÐUNGSÞINGS**

**„Stefnan er mörkuð“ –** Vestfirðingar hafa sameinast um eina framtíðarsýn til 2050. Nú stendur upp á ríkið að tryggja forsendurnar.

Ríkissjóður fær verulega tekjuaukningu af fiskeldi, ferðaþjónustu og sjávarútvegi á Vestfjörðum. **Eðlilegt er að hún komi til viðbótar í innviði og þjónustu á svæðinu.**

*Þingskjal 31 – samþykkt samhljóða 28. október 2026*

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Vestfjarðastofa

# 1 · KÍLÓMETRAGJALD

## Metum áhrifin á svæðin lengst frá höfuðborgarsvæðinu

***Krafa til nefndarinnar:***
*Greining á byggðaáhrifum hefjist strax og nýtist við gerð fjármálaáætlunar 2028–2032 og fjárlaga næstu ára.*

**Hvað segir umsögnin**

- Tillaga frumvarpsins er um 5,2% hækkun vegna verðlags auk 4 ma.kr. tekjuauka
- Forsendur laga nr. 100/2025 töldu áhrif á landsbyggð minniháttar – þær þarf nú að bera saman við raunþróun fyrir íbúa
- Skoða þarf þungaskatt á landflutninga, akstur bílaleigubíla og áhrif kolefnisgjalds á framlegð sjávarútvegs

**Tenging við ályktanir 71. Fjórðungsþings**

- **Þskj. 31 „Stefnan er mörkuð“:** hið opinbera kanni til hlítar áhrif á sveitarfélög áður en ákvarðanir eru teknar
- **Samkeppnisstaða** Vestfjarða hefur lengi skaðast af því að vera utan þjóðvegar 1 og hringtengingar raforku
- **Á sama tíma** eru framlög til vega í fjárlagafrumvarpi 2027 2,4 ma.kr. lægri en samgönguáætlun gerir ráð fyrir
- **Þskj. 31, A-liður:** samgöngur eru lífæð samfélagsins – ekki verði skorið niður í verkefnum á Vestfjörðum

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Vestfjarðastofa

## 2 · INNVIÐAGJALD

# 5,2% hækkun innviðagjalds verði endurskoðuð

*Krafa til nefndarinnar:*
*Hækkun úr 1.600 í 1.680 kr. á farþega verði dregin til baka og aðdragandi og áhrif innviðagjaldsins rannsökuð eftir landshlutum. Er eðilegt að innviðagjöld á erlenda farþega séu látin fylgja verðlagsþróun á Íslandi?*

### Hvað segir umsögnin

- Innviðagjaldið 2025 er verulegur áhrifaþáttur í fækkun skipakoma og bókana 2026 og næstu ár
- Tekjur ríkissjóðs af gjaldinu: 1.185 m.kr. í fjárlögum 2026 en 412 m.kr. áætlaðar 2027 (−65%)
- Við bætist tekjutap ríkis, sveitarfélaga og hafna vegna minni umsvifa og fjárfestingar
- Að færa verðlagsþróun sjálfkrafa á erlenda farþega getur skert bókanir til frambúðar
- Til vara: ráðuneyti svari hvenær og hvernig „Byggðalinsan“ verði nýtt við mat á áhrifum
- Áréttað að endurskoða þarf skattlagningu á hringferða- og leiðangursskip.

### Tenging við ályktanir 71. Fjórðungsþings

- **Þskj. 20 Gjöld á hringsiglingaskip:** stjórnvöld endurskoði skattlagningu á hringferða- og leiðangursskip
- **Stöðugleiki og fyrirsjáanleiki:** skipafélög skipuleggja ár fram í tímann – breytingar með skömmum fyrirvara valda tjóni
- **Minni hafnir eru viðkvæmastar:** smærri skip dreifa ávinningi ferðaþjónustu til staða sem stærri skip heimsækja ekki
- **Ítrekun:** 70. Fjórðungsþing ályktaði einnig um innviðagjöld haustið 2025

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Vestfjarðastofa

# 3 · ENDURGREIÐSLA VIRÐISAUKASKATTS

# Húsnæðisuppbygging má ekki stöðvast

*Krafa til nefndarinnar:*
*40. gr. verði endurskoðuð og gildistöku a.m.k. frestað – og húsnæðisstuðningskerfið tekið til endurskoðunar.*

**Hvað segir umsögnin**

- Endurgreiðsla VSK af vinnu á byggingarstað lækkar úr 35% í 20%
- Lítill fyrirvari og hröð lækkun: hlutfallið fer úr 60% í 20% á rúmum tveimur árum
- Vestfirðir eru „kalt svæði“: markaðsverð undir byggingarkostnaði en laun yfir landsmeðaltali, sem útilokar svæðið frá mörgum úrræðum
- Flutningskostnaður og aðkeypt sérþjónusta hækka byggingarkostnað – endurgreiðslan hefur jafnað þann mun
- Almenn aðgerð sem kemur harðar niður á landsbyggð en höfuðborgarsvæði

**Tenging við ályktanir 71. Fjórðungsþings**

- **Þskj. 31, C-liður:** samkeppnishæft húsnæði er forsenda fólksfjölgunar
- **Stjórnvöld komi að lausnum** þar sem byggingarkostnaður er hærri en markaðsverð, m.a. með stofnframlögum og hvötum til leiguhúsnæðis
- **Markmið um 11.000 íbúa** árið 2050 næst ekki án samkeppnishæfs húsnæðis
- **Svæðisskipulag 2025–2050:** húsnæðismál eru eitt af sjö meginviðfangsefnum

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Vestfjarðastofa

# 4 · AUÐLINDAGJÖLD OG HEILDARÁHRIF

# Tekjur af svæðinu skili sér í innviði þess

*Krafa til nefndarinnar:*
*Metin verði nettóáhrif gjalda á hagkerfi hvers landshluta – aukin skattheimta á móti bættum innviðum.*

**Hvað segir umsögnin**

- Auknar tekjur af auðlindagjöldum og „jöfnun skattlagningar“ koma nær eingöngu af grunnatvinnugreinum landsbyggðar
- Boðað er að tekjurnar fari í innviði, m.a. fullfjármagnaða samgönguáætlun en nettóáhrif á landshlutana eru ekki skýrð
- „Auðlind“ er teygjanlegt hugtak: sjókvíaeldi en ekki landeldi, fallvötn en ekki heitt vatn, fossar en ekki Hallgrímskirkja
- Nálægð við stjórnsýslu, útflutningshöfn og millilandaflugvöll skapar líka aðstöðumun

**Tenging við ályktanir 71. Fjórðungsþings**

- **Þskj. 31:** tekjuaukning ríkissjóðs af fiskeldi, ferðaþjónustu og sjávarútvegi komi til viðbótar í innviði og þjónustu
- **Þskj. 31:** mikil viðhaldsskuld hefur skapað ójafnræði í innviðum milli landshluta
- **Þskj. 27 Lagareldi:** gjaldtöku stillt í hóf og tekjur skili sér til nærsamfélaga
- **Þskj. 26 Eldisgjöld:** hafnir fái skýra heimild til réttmætrar gjaldtöku vegna fiskeldis

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Vestfjarðastofa

# Kröfur okkar í hnotskurn

Hvert atriði umsagnar og stoð þess í ályktunum 71. Fjórðungsþings – allar samþykktar samhljóða

| Atriði í frumvarpi | Krafa til nefndarinnar | Ályktun 71. Fjórðungsþings |
|---|---|---|
| **Kílómetragjald** (II. kafli) | Greining á áhrifum eftir svæðum áður en lengra er haldið | Þskj. 31 „Stefnan er mörkuð“ – áhrif metin fyrir ákvörðun; A-liður um samgöngur |
| **Innviðagjald** (XVIII. kafli) | 5,2% hækkun endurskoðuð; rannsókn á áhrifum gjaldsins á Ísland sem áfangastað | Þskj. 20 Gjöld á hringsiglingaskip – stöðugleiki og fyrirsjáanleiki |
| **Endurgreiðsla VSK** (XVII. kafli, 40. gr.) | Endurskoðun eða a.m.k. frestun gildistöku; endurskoðun húsnæðisstuðnings | Þskj. 31, C-liður – samkeppnishæft húsnæði, 11.000 íbúar 2050 |
| **Auðlindagjöld** | Nettóáhrif á hagkerfi landshluta metin við ákvarðanir um gjöld | Þskj. 31, 27 og 26 – tekjur skili sér í innviði nærsamfélaga |
| **Mat á byggðaáhrifum** | Ráðuneyti svari hvernig og hvenær „Byggðalinsan“ verði nýtt við frumvörp | Þskj. 31 – hið opinbera kanni áhrif á sveitarfélög áður en ákvarðanir eru teknar |

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Vestfjarðastofa

SKILABOÐIN

# Stefnan er mörkuð

*Metum áhrif á landshluta áður en ákvarðanir eru teknar*

Efni umsagnarinnar verður einnig kynnt fjárlaganefnd – meðal annars að framlög til vega í frumvarpi til fjárlaga 2027 eru 2,4 ma.kr. lægri en samgönguáætlun gerir ráð fyrir og að framlög til sóknaráætlana fylgi verðlagi (Þskj. 31).

***Takk fyrir***



Fjórðungssamband Vestfirðinga

Vestfjarðastofa